



Fjárfestingastigið í atvinnulífinu mögulega að ná hámarki


Fjármunamyndun í hagkerfinu nam 566 mö.kr. á síðasta ári og var hún borin uppi af atvinnuvegafjárfestingu, sem nam 386 mö.kr. Aukning í atvinnuvegafjárfestingu nam 4,3% milli ára að magni til og er það snöggtum minni vöxtur en verið hefur síðustu árin þar á undan. Þannig var vöxtur atvinnuvegafjárfestingar á bilinu 18-30% á árunum 2014-2016.

Atvinnuvegafjárfesting án stóriðju í hámarki


Sé litið til atvinnuvegafjárfestingar sem hlutfalls af landsframleiðslu aftur í tímann sést að hlutfallið hefur sveiflast töluvert og náði miklum hæðum árin 2005 og 2006 þegar það fór upp fyrir 20% af landsframleiðslu. Þessi toppur orsakaðist af mikilli stóriðjuvæðingu sem þá var yfirstandandi vegna Reyðaráls og Kárahnjúkavirkjunar. Sé horft framhjá stóriðjuvæðingu sést að atvinnuvegafjárfesting nam 12,2% af landsframleiðslu í fyrra borið saman við 12% árið 2016. Á tímabilinu síðan 1997 hefur þetta hlutfall einu sinni farið yfir 12% en það var árið 2006 þegar það nam 13,1%.

Mesta aukning fjárfestingar í fiskveiðum

Ýmsir liðir standa á bak við aukningu atvinnuvegafjárfestingar án stóriðju en langveigamesta breytingin var í fiskveiðum. Þar á eftir kom annars vegar byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og hins vegar verslun og ýmis viðgerðarþjónusta. Aukning atvinnuvegafjárfestingar án stóriðju jókst úr 306 mö.kr. og upp í 323 ma.kr., eða um 17 ma.kr. Fjárfesting í fiskveiðum jókst úr 12,7 mö.kr. árið 2016 og upp í 25,1 ma.kr. árið 2017, eða um 12,3 ma.kr., sem gerir um 97% aukningu. Gögn Hagstofunnar ná aftur til ársins 1990. Á því tímabili sem liðið er síðan hefur fjárfesting í fiskveiðum ekki áður mælst jafn mikil eins og í fyrra.



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



Fjárfesting í byggingarstarfsemi komin á sama stig og fyrir hrun


Fjárfesting í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð jókst úr 23 mö.kr. og upp í 26,4 ma.kr. á árunum 2016 og 2017. Aukningin nam 3,5 mö.kr., eða 15%. Þetta er töluverð fjárfesting í þessum geira atvinnulífsins og er hún komin á svipaðar slóðir og hún var á bóluárunum. Þegar mest lét var fjárfestingin á bilinu 22-30 ma.kr. á árunum 2005-2007. Hrunið kom einstaklega illa niður á greininni og varð líklega engin grein jafn hart úti og byggingarstarfsemi. Eftir mikla og samfellda ládeyðu á árunum 2009-2012 tók greinin við sér árið 2013 þegar fjárfesting nam 14 mö.kr. Segja má að hún hafi síðan enn bætt í árið 2016 þegar fjárfestingin nam 23 mö.kr.

Ekki áður mælst meiri fjárfesting í verslun

Fjárfesting í liðnum verslun og ýmis viðgerðarþjónusta jókst úr 21,4 mö.kr. í 24,7 ma.kr. Aukningin nam 3,3 mö.kr., eða 15,6%. Fjárfesting í fyrra og árið þar áður er sú mesta sem mælst hefur í þessari grein. Fyrra met var 17,7 ma.kr. árið 1999 en fjárfesting var einnig töluverð í undanfara hrunsins. Þannig nam hún á bilinu 10-17 mö.kr. á árunum 2004-2008.

Hefur atvinnuvegafjárfesting náð hámarki?

Fjármunamyndun er sveiflukenndasti liður þjóðhagsreikninga. Fjárfesting eykst jafnan hratt og mikið í uppsveiflum hér á landi en hefur síðan tilhneigingu til að dragast mikið saman í niðusveiflum. Lítil vöxtur á síðasta ári og sú staðreynd að atvinnuvegafjárfesting á mælikvarða landsframleiðslu var töluvert mikil á síðasta ári vekur upp þá spurningu hvort fjárfestingin í atvinnulífinu hafi náð hámarki í núverandi uppsveiflu. Um það er auðvitað erfitt að spá. Hátt hlutfall atvinnuvegafjárfestingar af landsframleiðslu kemur ekki í veg fyrir að það geti orðið hærra á þessu eða næstu árum. Svigrúm fyrirtækja til að auka fjárfestingu sína er enn töluvert. Eiginfjárstaða fyrirtækja hefur sjaldan eða aldrei verið betri og skuldsetning í hlutfalli við undirliggjandi rekstur gefur svigrúm til frekari skuldsetningar. Mat stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins hefur lítið breyst á síðustu fjórðungum og er áfram mjög gott í sögulegu samhengi. Fjárfesting í atvinnulífinu gæti því allt eins haldið áfram að vaxa.



Breyting fjárfestingar milli 2016 og 2017 á föstu verði. Sýnir þá liði þar sem aukningin var mest og samdrátturinn mestur
Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.